



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

**Fundargerð**  
**35. eigendafundar Sorpu bs.**  
**Fjarfundur**  
**Föstudaginn 22. október 2021, kl. 11:30**

Mætt:

**f.h. eigenda Sorpu bs.:**

Gunnar Einarsson, bæjarstjóri, Garðabæ.  
Ármann Kr. Ólafsson, bæjarstjóri Kópavogi.  
Ásgerður Halldórsdóttir, bæjarstjóri, Seltjarnarnesi.  
Haraldur Sverrisson, bæjarstjóri, Mosfellsbæ.  
Rósa Guðbjartsdóttir, bæjarstjóri, Hafnarfirði.

**frá stjórn SORPU bs.:**

Líf Magneudóttur, Reykjavík.  
Hjördís Ýr Johnson, Kópavogi.  
Kolbrún G. Þorsteinsdóttir, Mosfellsbær.  
Kristinn Andersen, Hafnarfirði.  
Jóna Sæmundsdóttir, Garðabæ.

Enn fremur sátu fundinn Jón Viggó Gunnarsson framkvæmdastjóri Sorpu bs. ásamt Gunnar Dofra Ólafssyni og Sigríði Katrínu Kristbjörnsdóttur frá Sorpu bs. Þá Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri SSH og Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfræðingur SSH sem ritaði fundargerð.

Formaður eigendavettvangs Sorpu bs., Gunnar Einarsson, stýrði fundi.

Dagskrá var lögð fram og gengið til dagskrár.

1) **Fjárhagsáætlun byggðasamlaga 2022-2026-Sorpa bs. / málsnr. 2108006**

Áframhaldandi umræða frá 34. fundi. Framkvæmdastjóri Sorpu bs., Jón Viggó Gunnarsson kynnir helstu forsendur fjárhagsáætlunar. Sigríður Katrín Kristbjörnsdóttir, fjármálastjóri Sorpu bs. kynnir rekstraráætlun fyrir árið 2022.

**Niðurstaða fundar:**

Eigendavettvangur samþykkir fjárhagsáætlun Sorpu bs. fyrir sitt leyti, og að fjárhagsáætlunin verði kynnt sveitarfélögunum. Þá verði stefnt að því að halda kynningarfund fyrir kjörna fulltrúa á höfuðborgarsvæðinu um fjárhagsáætlun Sorpu bs. fyrir árið 2022.



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12:00.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir, fundarritari.